



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 27. janúar 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Óskar Örn Gunnarsson starfsmaður Landmótunar sat fundinn undir 1. dagskrárlið. Benjamín Örn Davíðsson, Rúnar Ísleifsson og Hreinn Óskarsson starfsmenn Skógræktarinnar sátu þá fundinn undir 2. dagskrárlið. Notast var við fjarfundabúnað.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun Aðalskipulags

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins sem kynnt var af Óskari Erni Gunnarssyni skipulagsfræðingi hjá Landmótun. Sveitarstjórn samþykkir forkynningu á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skagastrandar á vinnslustigi. Skipulagstillagan skal kynnt íbúum á heimasíðu Skagastrandar frá 8. febrúar nk. Á forkynningarstigi verður hægt að koma með ábendingar með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@skagastrond.is. Unnið verður svo úr ábendingum um innihald tillögunnar og tillagan síðan lögð fyrir hafnar- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn að nýju. Kynning aðalskipulagstillögu á vinnslustigi verði skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.

2. Ræktunaráætlun vegna skógræktarsamnings

Fyrir fundinum lágu drög að ræktunaráætlun vegna samstarfsverkefni um skógrækt milli sveitarfélagsins og Skógræktarinnar sem starfsmenn Skógræktarinnar kynntu. Í áætlun er gert ráð fyrir að gróðursetja 176.000 plöntur á 80 ha svæði og er áætlað að verkefnið hefjist í vor. Stefnt er að því að halda kynningarfund um verkefnið fyrir íbúa.

3. Fasteignir FISK Seafood á Skagaströnd

Fyrir fundinum lágu skjöl í tengslum við gjafir Fisk Seafood á þremur fasteignum á Skagaströnd sveitarfélaginu til handa. Þær fasteignir sem um ræðir eru eignarhlutur Fisk Seafood í skrifstofahúsnæði að Túnbraut 1-3, iðnaðarhúsnæði að Oddagötu 12 og



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

iðnaðarhúsnæði að Hafnarlóð 9. Sveitarstjóri fór yfir forsendur fyrirbyggjandi samningsdraga og lýsti sveitarstjórn yfir ánægju sinni með að samtal sveitarfélagsins við Fisk Seafood hafi leitt til afhendingar eignanna án endurgjalds. Við yfirfærsluna munu skapast nýjar forsendur til atvinnuuppbyggingar á Skagaströnd til framtíðar. Var sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá samningum um endanlegt orðalag og frágang á fyrirbyggjandi skjölum.

4. Rekstraryfirlit janúar- desember 2020

Fyrir fundinum lá rekstrar- og framkvæmdayfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið janúar-desember 2020 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fyrirbyggjandi gögn voru til kynningar og umræðu. Sveitarstjórn ræddi framlögð gögn, en yfirlitið gefur til kynna að rekstrarniðurstaða 2020 verði talsvert betri en útkomuspá gerði ráð fyrir.

5. Samningur um nytjarétt æðarvarps í landi sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu tvö erindi vegna nytjaréttar æðarvarps í landi sveitarfélagsins. Annars vegar tölvubréf Hestamannafélagsins Snarfara dags. 20. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir nytjarétti æðarvarps í öllum beitarhólfum sem félagið er með afnot af og þá sérstaklega flóanum. Hins vegar erindi Ólafs Ingibjörnssonar sem tekið var fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 18. nóvember sl. en með því var óskað eftir endurnýjun á samningi um leigu nytjaréttar af æðarvarpi í landi Skagastrandar. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að endurnýja samning við Ólaf Ingibjörnsson. Var sveitarstjóra falið að ganga frá samningi.

6. Samningar við Advania

Fyrir fundinum lágu undirritaðir grunn- og þjónustusamningar við Advania er varðar hýsingar- og rekstrarþjónustu sem sveitarstjórn staðfesti samhljóða.

7. Samningur við Heilsuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Heilsuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði, en fram kom að samningi um trúnaðarlæknaþjónustu við Vinnuvernd hefði verið sagt upp. Sveitarstjórn ræddi fram komin samningsdrög og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn.



8. Samningur um gagnkvæma aðstoð vegna brunavarna

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um gagnkvæma aðstoð milli Slökkviliðs Skagastrandar og Brunavarna Austur Húnavetninga. Samþykkti sveitarstjórn fyrirbyggjandi drög án athugasemda og fól slökkviliðsstjóra Hafsteini Pálssyni að undirrita samninginn.

9. Stafrænt ráð – kynning á fjármögnun

Fyrir fundinum lá kynning um fjármögnun á stafrænu ráði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í framlögðum gögnum kemur fram að hlutverk ráðsins sé m.a. að styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi. Þátttaka sveitarfélaga er valfrjáls, en áréttað að þorri sveitarfélaga þurfi að taka þátt til þess að verkefnið raungerist. Kostnaður sveitarfélagsins af verkefninu er áætlaður kr. 264.488. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og samþykkti þátttöku.

10. Samþykktir Norðurár bs. síðari umræða

Fyrir fundinum lágu breyttar samþykktir Norðurár bs. sem samþykktar voru á aukaaðalfundi Norðurár bs., þann 11. nóvember 2020 til síðari umræðu. Sveitarstjórn samþykkir framlagðar breytingar á samþykktunum.

11. Samkomulag um styttingu vinnuviku

Fyrir fundinum lá samþykkt vinnutímasamkomulag vegna styttingar vinnuviku. Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi vinnutímasamkomulag með 5 greiddum atkvæðum.

12. Starfsmannamál – Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar er bókuð í trúnaðarbók.

13. Sala eigna

Fyrir fundinum lá tillaga um að setja á sölu eign sveitarfélagsins að Suðurvegi 26, fasteignanúmer F2139023, merking 01 0101. Var sveitarstjóra falið að annast sölu á eigninni.



14. Bréf

a. Skotfélagsins Markviss dags. 8. nóvember 2020

Fyrir fundinum lá umsókn um fjárstuðning til handa Skotfélagsinu Markviss. Sveitarstjórn samþykkti að veita styrk að upphæð 100.000 kr.

b. Birkis Karls Sigurðssonar dags. 17. desember 2020

Með erindinu er kynnt starf Birkis Karls Sigurðssonar sem hefur haldið tveggja daga skáknámskeið fyrir ungmenni út á landi. Erindið var til kynningar.

c. Samtaka Grænkera dags. 29. desember 2020

Samtök Grænkera senda með erindinu áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum. Erindið var til kynningar.

15. Fundargerðir

a. Almannaþingarnefndar dags. 20.11.2020

Fundargerð var til kynningar.

b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11.12.2020

Fundargerð var til kynningar.

**c. Þjónusturáðs – þjónusta við fatlað fólk á Norðurlandi vestra dags.
18.12.2020**

Fundargerð var til kynningar.

d. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 26.11.2020

Fundargerð var til kynningar.


e. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 11.12.2020

Fundargerð var til kynningar.

f. Stjórnar SSNV dags. 12.01.2021

Fundargerð var til kynningar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45





Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Halldór G. Ólafsson

Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir

Kristín B. Leifsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Guðmundur Egill Erlendsson

ALEXANDRA JOHANNESDÓTTIR

Alexandra Jóhannesdóttir